Samþykkt þann
12 MAR 2008
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Jón Sigurðsson



Álfhella 6 Hafnarfirði
00.950.060

Helstu stærðir húss:

Grunnflötur 1. hæðar er brúttó 952,7 m² og 5708,8m³,
grunnflötur kjallara er 276,6m² og 1219,3m³, grunnflötur 2. hæðar er 580,2m² og 2628,4m³. Samtals er húsið 1809,5m² og 9556,5m³
Aðalhæð hússins er sett í kóta 31,95 og mesta hæð í mæni er 10,44m, mesta vegghæð er 9,1m.
Stærð lóðar er 6252m².
Nýtingarhlutfall telst vera samkvæmt framansögðu 0.29
Á lóð hússins er gert ráð fyrir 30 bílastæðum.

Byggingarlýsing:

Húsið er verkstæðis og skrifstofubygging sem tengdar eru með millibyggingu með stiga og lyftu. Húsið er hannað í fyrir fyrirtæki sem sérhæfir sig í viðgerðum og uppsetningu á stórspennum. Á 1. hæð skrifstofubyggingar eru skrifstofur, kaffistofa, líkamsrækt og snyrtingar. Á annarri hæð eru skrifstofurými og snyrtingar. Í verkstæðishúsi sem er að hluta til tvær hæðir ásamt kjallara að hluta til er á 1. hæð er búningaðstaða ásamt verkstæðisstarfsemi. Á annarri hæð er lagerloft og í kjallara er verkstæðistarfsemi. Út frá vesturenda í sómu hæð og kjallari er steypt skýli fyrir stórspenna í geymslu. Skýlinu er lokað með netlokun. Út frá kjallara við stoðvegg er opið skýli þar sem hreinsitæki fyrir ollu eru staðsett.

Uppbygging:

Í verkstæðishúsi er kjallari steyptur á staðnum og einangrað með 100mm samlokueiningum klæddum málmplötum, viðurkenndum af Brunamálastofnun. Milligólf er úr steyptum holplötum með 70mm ásteypulagi.
Húsið ofan á kjallara er stálgrindarhús frá "RUUKKI" í Póllandi sem stendur á steinsteyptum undirstöðum.
Stálgrindin og aðrir húshlutar verður smíðað hjá áðurnefndu fyrirtæki. Burðarvirkið er úr stálrömmum sem ná þvert yfir húsið.
Við útreikninga á svignun og hliðarfærslu skal stuðst við flokkun bygginga í samræmi við 128. grein Byggingarreglugerðar. Skal reiknað með að byggingin uppfylli kröfu um að vera í flokki B.
Stálgrindin verður klædd að utan með samlokueiningum af viðurkenndum af brunamálastofnun með100mm einangrun ýmist brennanlegri "PIR eða PUR" eða óbrennalegri steinull klæddum málmplötum að innan og utan sem er fest á stálstoðir með sjálfsnittandi skrúfum. Á þak kemur 140mm einangruð samlokueining með brennanlegri einangrun "PIR eða PUR" viðurkenndri af brunamálastofnun klædd málmi á báðum hliðum, borin uppi með bakásum úr stáli. Allar samlokueiningar eru frá "RUUKKI" í Póllandi. Milliloft verða borin uppi með stálbitum, festum á stálramma, en gólfið sjálft verður úr steinsteyptum holplötum með 70mm ásteypulagi.
Innveggir verða blikkstoðarveggir klæddir með gifsplötum.
Í skrifstofubyggingu er uppbygging á sama hátt og í verstæðisbyggingu en loft undir þaki er einangrað til viðbótar með steinull á milli þakása og klætt með stálplötum. Tengibygging er gerð úr stálrömmum kædd með glerfrontum á báðum hliðum. Milliloft og stigar eru úr stáli. Lyfta er á milli 1. og 2. hæðar í tengibyggingu.
Öll lokuð, gluggalaus innirými verða loftræst upp úr þaki eða út úr vegg. Í votrýmum verða gegnumstreymisniðurföll.
Allar klæðningar að utan eru úr málmi með sinus prófil, ýmist lóðrétt eða lárétt.

Lagnir:

Skrifstofubygging er upphituð með ofnum, en verkstæðisbygging er upphituð með hitablásurum. Allar lagnir eru úr stáli bæði fyrir hita, heitt og kalt vatn.
Frárennslislagnir í grunni eru PVC og innanhúss eru PP lagnir.

Eldvarnir:

Burðarkerfi hússins og stigar í tengibyggingu eru REI60 brunaþol, því er náð með eldvarnamálningu R60 til að taka tillit til staðbundins bruna. Jafnframt er tryggð nægjanleg reyklosun þannig að hitastig fari ekki yfir 450°C í samræmi við kröfur byggingarreglugerðar.
Húsinu er skipt upp í 2 brunasamstæður. Skrifstofubygging og tengibygging myndar eina, Verkstæðisbygging aðra. Hólfun brunasamstæða er EI60.
Tengibygging er sér brunahólf. Skrifstofuhús mynda tvö brunahólf á sitt hvorri hæð, með EI60 hólfun. Í verkstæðisbyggingu eru fjögur brunahólf. Fyrsta hæð myndar tvö hólf, verkstæði og starfsmannaaðstöðu,ónnur hæð er sér brunahólf og kjallari einnig.
Rýmingarleiðir verða um aðaldyr millibyggingar, um neyðardyr á vesturgafli skrifstofubyggingar og um göngudyr við innkeyrslurhurðar. Í húsinu verða útljós og neyðarlýsing. Brunaslöngur á slöngukeflum verða í húsinu. Í mæni verkstæðishúss verður þakgluggi, klæddur með auðbrennanlegu polycarbonade plasti.
Hlutverk hans er að veita inn dagsbirtu og vera jafnframt reyklosunaropnun. Reykræsting í skrifstofubyggingu fer fram út um glugga.
Í húsinu verður brunaviðvörunarkerfi, tengt stjórnstöð hjá öryggisgæslu, sem verður með sólarhringsvakt.
Stjórnstöð kerfisins er staðsett við aðalinngang í tengibyggingu 1. hæðar.

Lóð:

Lóðin er 6252m² og eru tvær innkeyrslur á hana frá Álfhellu. Lóðinni er skipt upp í efra og neðra svæði þar sem hæðarmismunur er tekinn upp með steyptum stoðvegg og hlöðnum grjótveggjum á lóðarmörkum.
Yfirborð lóðar er ýmist malbikað, steypt, hellulagt og með gróðurbelti meðfram Álfhellu. Yfirborðsvatni frá niðurföllum er veitt í púkk á lóð. Þrjú svæði eru á lóðinni þar sem unnið er með olíu. Olíusvæði 1 er í skýli við vesturgafl í sómu hæð og kjallari þarsem er steypt þró sem dælt er upp úr í tankbíl. Olíusvæði 2 er við innkeyrsludyr á norðurhlið hússins á efra plani. Undir það er steypt plan og niðurföll leiða til olíuskilju sem er niðurgrafin á neðra plani lóðar. Olíusvæði 3 er við innkeyrsludyr undir opnu skýli á norðurhlið á neðra plani þar sem olíuskilja er grafin niður Undir skýli er steypt plan. Á norðurhlið lóðar á neðra plani er gert ráð fyrir gámageymslusvæði. Á lóð hússins er gert ráð fyrir sorpgámum.

Litaval:

Aðallitur skrifstofubyggingar er RAL 9002 hússins verður ljósgrár og aðallitur verkstæðishúss verður RAL 5005. dökkblár. Innkeyrsluhurðar verða RAL 9002 ljósgrár. Glugga- og hurðakarmar og útidyr verða ljósgráir RAL 9002.

11.03.2008
HEILBRIGÐISEFTIRLIT
HAFNARFJARÐAR-
OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
Garðatorgi 7 - 210 Garðabæ

11.03.2008
SJÓVÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Breytt dags.	Eðli breytinga	Breytt dags.	Eðli breytinga	Breytt dags.	Eðli breytinga	Breytt dags.	Eðli breytinga	Breytt dags.	Eðli breytinga	Breytt dags.	Eðli breytinga
										07. 03. 2008	Tengibygging v/ lyftu

RST Net Álfhellu 6

Grunnmynd 1. hæð og lóð yfirlit, byggingarlýsing

kvarði: 1:200	teikn. nr. 2	
dags. 10. 01. 2008	breytt: 07. 03. 2008	

Ágúst Þórðarson byggingafræðingur bfl kt. 041051-4509
sími 554 2241, 893 8601 fax 554 2231 netf. rymi@islandia.is
Ingi Gunnar Þórðarson byggingafræðingur bfl kt. 280453-3239
sími 554 3523, 897 3523 fax 554 3523 netf. igth@simnet.is
Smiðjuvegur 11E 200 Kópavogur